

**Ed.**

**253. Breytingartillögur**

[130. mál]

við frv. til l. um skyldusparnað og ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Frá Ragnari Arnalds.

1. Á eftir 3. mgr. 1. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Félög, sem tekjuskattsskyld eru samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/1971 með síðari breytingum, skulu leggja fram sem skyldusparnað 10% af hreinum tekjum, eins og þær eru áður en tekjuskattur er álagður.
2. Aftan við 1. mgr. 5. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Flugvallagjald skal notað til uppbyggingar og endurbóta á íslenskum flugvöllum og til flugstöðvabygginga. Fjárveitinganefnd Alþingis skiptir fjármagni því, sem fæst samkvæmt ákvæði 1. mgr., að fengnum tillögum flugráðs.
3. Á eftir 6. gr. komi ný gr. svo hljóðandi:  
Frá 1. janúar 1978 skal fella niður söluskatt af kjöti og kjötvörum og verðlag á þeim vörum lækka samkvæmt því.